

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1013****2020/EES/16/16****frá 16. apríl 2019****um fyrirframtilkynningar um sendingar af tilteknum flokkum dýra og vara sem koma inn í Sambandið (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum b-lið fyrstu málsgreinar 58. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er m.a. komið á fót ramma um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi í tengslum við dýr og vörur sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum til að sannreyna að farið sé að löggjöf Sambandsins í því skyni að vernda heilbrigði manna, dýra og plantna, velferð dýra og, að því er varðar erfðabreyttar lífverur og plöntuverndarvörur, einnig umhverfið. Þessi rammi nær yfir opinbert eftirlit sem haft er með dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum í gegnum tilnefndar landamæraeftirlitsstöðvar.
- 2) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er gerð sú krafa að rekstraraðilar sem bera ábyrgð á tilteknum sendingum sem koma inn til Sambandsins sendi fyrirframtilkynningu til lögbærs yfirvalds landamæraeftirlitsstöðvanna áður en sendingarnar berast. Til að gera þessum yfirvöldum kleift að framkvæma opinbert eftirlit á tímanlegan og skilvirkan hátt þykir rétt að festa lágmarkstíma til að senda fyrirframtilkynningu við einn virkan dag fyrir komu sendingarinnar.
- 3) Vegna skipulagstengdra takmarkana við flutninga gæti hins vegar ekki reynst mögulegt í vissum tilvikum að fara að fresti fyrir fyrirframtilkynningar sem er einn virkur dagur áður en sendingin berst. Sú gæti til dæmis verið raunin þegar sendingin er flutt frá sendingarstað til landamæraeftirlitsstöðvar á skemmri tíma en 24 klukkustundum og upplýsingarnar, sem nauðsynlegar eru til að fylla út viðkomandi hluta samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins sem nauðsynlegir eru til að senda fyrirframtilkynningu í samræmi við a-lið 3. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eru ekki tiltækar áður en sendingin er sett um borð. Í þeim tilvikum ætti aðildarríkjum að vera heimilt að krefjast þess að fyrirframtilkynning sé send minnst fjórum klukkustundum áður en sendingin berst til að einnig sé hægt að tryggja tímanlega og skilvirka framkvæmd opinbers eftirlits við slíkar aðstæður.
- 4) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1012 ⁽²⁾ er kveðið á um að aðildarríki undanskilji landamæraeftirlitsstöðvar sem á að tilnefna fyrir innflutning á ónunnum viðarbolum og söguðum og höggnum viði frá tilteknum lágmarkskröfum fyrir landamæraeftirlitsstöðvar vegna tiltekinnna landfræðilegra takmarkana. Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um að færanlegur opinber eftirlitshópur megi framkvæma opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi á landamæraeftirlitsstöðinni sem tilnefnd er fyrir fyrrnefndar vörur. Til að gefa nægilegan tíma til skipulagningar á opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi ætti því að kveða á um undanþágu frá reglum um lágmarkstíma fyrir fyrirframtilkynningu um komu sendinga í þessari reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1012 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar undanþágu frá reglum um tilnefningu eftirlitsstaða og frá lágmarkskröfum fyrir landamæraeftirlitsstöðvar (Stjttíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 4).

- 5) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Fyrirframtilkynning um vörusendingar

1. Rekstraraðilinn, sem er ábyrgur fyrir sendingu sem fellur undir þá flokka dýra og vara sem um getur í 1. mgr. 47. gr reglugerðar (ESB) 2017/625, skal senda lögbæru yfirvaldi landamæraeftirlitsstöðvar þar sem hún kemur fyrst inn til Sambandsins fyrirframtilkynningu minnst einum virkum degi fyrir áætlaða komu sendingarinnar.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. má lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvarinnar beita fresti fyrir fyrirframtilkynningu sem er minnst fjórar stundir fyrir áætlaða komu sendingarinnar þegar skipulagslegar takmarkanir hindra að farið sé að tímamörkunum sem settar eru fram í þeirri málsgrein.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. mega lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðva sem tilnefndar eru fyrir innflutning á óunnum viðarbolum og söguðum og höggnum víði í samræmi við 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1012 beita fresti fyrir fyrirframtilkynningar sem er allt að fimm virkir dagar fyrir áætlaða komu slíkra sendinga.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
